



Sveitarfélagið Hornafjörður

- Við hugsum áður en við hendum

2017



Ágætu íbúar

Undanfarin misseri hefur verið unnið að breytingum á fyrirkomulagi úrgangsmála í sveitarfélaginu. Markmiðið með breytingunum er að flokka enn betur þannig að minna sorp fari til urðunar.

Umhverfisstefna Sveitarfélagsins Hornafjarðar var samþykkt þann 13. október 2016. Í henni kemur fram að sveitarfélagið ætlar að vera leiðandi í umhverfismálum þar sem sjálfbærni náttúru og umhverfis skal höfð að leiðarljósi. Áherslur í stefnunni eru meðal annars að draga úr þeim úrgangi sem fer til urðunar með aukinni endurnýtingu og skynsamlegri neyslu. Ætlunin með þessum áherslum er meðal annars að minnka losun gróðurhúsalofttegunda sem og að auka nýtingartíma á dýrmætum urðunarsvæðum.

Til að ná settum markmiðum hefur verið unnið að breytingum á fyrirkomulagi úrgangsmála í Sveitarfélaginu Hornafirði. Sorphirða og rekstur móttökustöðvar sveitarfélagsins voru boðin út á grunni nýrrar umhverfisstefnu og í kjölfarið var undirritaður samningur við Íslenska Gámafélagið um þjónustuna. Um næstu mánaðarmót verður stigið annað skref til framfara í sorpmálum er heimilum og fyrirtækjum verður boðið upp á flokkun á lífrænum úrgangi. Sá lífræni úrgangur sem safnast saman verður unninn til moltugerðar og síðar nýttur hér í sveitarfélaginu. Sú breyting sem snýr að íbúum er að í þéttbýli mun ílát undir lífrænt efni verða sett í almennu sorptunnuna, en íbúum í dreifbýli verður boðið upp á jarðgerðartunnu.

Með ábyrgri meðhöndlun úrgangs hefur Sveitarfélagið Hornafjörður tekið mikilvægt skref til umhverfisverndar. Vonir standa til að þjónustan falli vel að þörfum ykkar íbúa og að allir sem einn nýti sér þá flokkunarmöguleika sem eru í boði. Til þess að ná raunverulegum árangri verður samfélagið að vinna saman, auka flokkun og lágmarka það sorp sem fellur til urðunar.


Björn Ingi Jónsson

Bæjarstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar



Mikilvægi endurvinnslu

Allar þær umbúðir og annað sem við notum við daglegt heimilishald er unnið úr hráefnum sem eiga sér uppruna í náttúrunni. Plast er t.d. unnið úr olíu, málmar unnir úr námum með tilheyrandi jarðraski og tré felld til að framleiða pappír og pappa.



Markmiðið með endurvinnslu er að til verði hringrás. Hringrásin miðar að því að draga úr frumvinnslu hráefna og minnka álag á auðlindir jarðar. Þannig má einnig draga úr því magni úrgangs sem þarf að urða.


Flokkun til endurvinnslu stuðlar að aukinni hringrás hráefna og minni auðlindanotkun. Sem dæmi má nefna að fyrir hvert tonn af pappír sem fer í endurvinnslu sparast um 17 fullvaxin tré og 26.000 lítra af vatni. Auk þess fer mun minni orka í að endurvinna hráefni en við frumvinnslu þess. Endurvinnsla áls þarfnast t.d. einungis 5% þeirrar orku sem þarf við frumvinnslu áls.

Það hráefni sem safnast í Grænu tunnuna (endurvinnsluhráefnið) fer í flokkunarstöð Íslenska Gámafélagsins þar sem það er flokkað og undirbúið til útflutnings.

Með innkomu Brúnu tunnunnar er íbúum Hornafjarðar nú mögulegt að flokka lífrænan heimilisúrgang. Því má vænta þess að það magn úrgangs sem þarf að urða muni minnka enn frekar. Brúna tunnel er ílátið sem hangir inni í Gráu tunnunni.

Með aukinni flokkun dregur sveitafélagið verulega úr því magni sem fer til urðunar og minnkar þannig kostnað ásamt því að spara auðlindir og stuðlar að umhverfissvænna samfélagi.

Bestu kveðjur frá starfsfólki Íslenska Gámafélagsins.



Umhirða og staðsetning íláta



Gott er að hafa í huga að fjarlægð íláta frá götu sé ekki mikil eða valdi sorphirðufólki óþarfa álagi við hirðu. Best er að hafa ílát sem næst götu og í tunnuskýlum.



Yfirfull ílát geta skapað vandræði við losun. Það er hættu á að vargfugl komist í úrganginn eða innihald tunnunnar fari að fjúka um. ***Umfram heimilisúrgangi má skila á gámsvæði og greiða með klippikortinu.***



Að vetri er ætlast til að íbúar moki frá tunnum og hálkuverji. Gríðarlega erfitt er að draga ílátin í miklum snjó auk þess sem hálka getur verið varasöm.



Íbúar bera ábyrgð á sínum ílátum. Æskilegt er að hreinsa þau eftir þörfum. Það kemur í veg fyrir að óhreinindi safnist fyrir í ílátinu og skapi t.d. ólykt.



Fjölnota pokar



Plast er til margra hluta nytsamlegt og kemur víða við sögu í nútíma lífnaðarháttum. Umhverfisáhrif plasts við framleiðslu og förgun geta hins vegar verið afar neikvæð, auk þess sem það getur haft slæm heilsufarsleg áhrif. Þótt ekki sé fyrirsjáanlegt að plastnotkun verði hætt á næstu árum, er nauðsynlegt að takmarka notkun á einnota

plastvörum, en einnota vörur eru aldrei góðar fyrir umhverfið.

Hornfirðingar hafa látið til sín taka í þessum málum og árið 2016 var Pokastöðin á Höfn stofnuð. Hugmyndin er að koma á hringrás taupoka í samfélaginu. Pokastöðin saumar taupoka úr bolum og öðrum textílafgöngum sem falla til á heimilum. Pokarnir liggja frammi við inngang matvöruverslunar í Höfn. Fólk er hvatt til að nýta sér pokana og skila þeim að notkun lokinni.



VISSIR ÞÚ?

Að endurvinnsla á 1 tonni af pappír sparar um 4.000 kwh af rafmagni

VISSIR ÞÚ?

Að með endurvinnslu á einni áldós sparar þú rafmagn sem dugar fyrir 3 klst. notkun á sjónvarpi

VISSIR ÞÚ?

Að hægt er að endurheimta góðmálma úr rafbúnaði með góðum árangri. Málma eins og gull, silfur, palladium og fleiri sjaldgæfa málma!

VISSIR ÞÚ?

Að endurvinnsla á einu tonni af plasti sparar 2.600 lítra af olíu

Við hugsum áður en við hendum...



Flokkun í Grænu tunnuna



Græna tunnan er fyrir endurvinnanlegan heimilisúrgang.

Mikilvægt er að gengið sé frá hráefninu samkvæmt meðfylgjandi leiðbeiningum, annars er hætt við að hráefnið verði óhæft til endurvinnslu og endi í urðun.

Hreinsið umbúðir vel og skolið fernur

Nánari útskýringar á því sem fer í Grænu tunnuna er að finna í leiðbeiningum á opnu handbókarinnar.

Flokkun í Brúnu tunnuna



Brúna tunnan er ílátið sem hangir inni í Gráu tunnunni og er ætluð fyrir fyrir lífrænan eldhúsúrgang annað en hrámeti sem fellur til úr dýraríkinu. **Dæmi um lífrænan úrgang frá heimilum er afskurður af ávöxtum, kjöt- og fiskafgangar, brauðmeti, kaffikorgur, tannstönglar, tepokar.** Stór bein eiga ekki að fara í brúnu tunnuna þar sem þau jarðgerast ekki vel.

Mjög mikilvægt er að nota eingöngu máispoka í lífræna ílátið því að plastpokar jarðgerast ekki

Í dreifbýlissvæði sveitarfélagsins gefst íbúum kostur á að fá jarðgerðarilát.

Flokkun í Gráu tunnuna




Í Gráu tunnuna fer úrgangur sem ekki flokkast í skilgreindan endurvinnsluferil

Dæmi; gler, bleyjur, frauðplast, umbúðir úr blönduðu hráefni (t.d. plastumbúðir með álfilmu sem ekki er hægt að skilja frá), umbúðir sem ekki er hægt að hreinsa o.fl.



Á opnunni eru leiðbeiningar sem má
rífa úr bókinni og hengja upp!



Rífið varlega svo bókin skemmist ekki

Flokkunartafla

Græna tunnan



Flokkur

Hvað tilheyrir

Frágangur

Bylgjupappi



Allir pappakassar sem hafa bylgjaðar brúnir, t.d. pizzakassar.

Best að leggja saman pappakassa til að minnka rúmmál. **Fer beint í Grænu tunnuna**, án umbúða.

Dagblöð og tímarit



Dagblöð, tímarit, umslög, skrifstofupappír og annar prentpappír.

Fer beint í Grænu tunnuna, án umbúða.

Sléttur pappi/fernur



Fernur og aðrar umbúðir úr sléttum pappa, t.d. morgunkornspakkar, eggjabakkar og hólkar innan úr pappírstrúllum.

Fjarlægja matarleifar og skola fernur. **Fer beint í Grænu tunnuna**, t.d. í fernu sem fyllt er mörgum fernum.

Plastumbúðir



Allar umbúðir úr hörðu eða mjúku plasti, t.d. plastpokar, hreinsiefnabrusar, skyrdósir og plastfilma

Fjarlægja matarleifar og efnaleifar. Smáhlutir fara í **Grænu tunnuna í gegnsæjum plastpoka**. Stærri hlutir **fara beint í tunnuna**

Málmar



Smáhlutir úr málm, t.d. niðursuðudósir, álpappír, krukkuok og sprittkertakoppar.

Fjarlægja matarleifar. **Má fara beint í Grænu tunnuna**.

Flokkunartafla

Brúna tunnan

ÍSLENSKA
GÁMAFÉLAGIÐ

Lífrænt heimilissorp



Í **Brúnu tunnuna** fara m.a. allir matarafgangar, plöntur o.fl. lífrænt sem fellur til á heimilinu. Nauðsynlegt er að setja lífrænan úrgang í jarðgerðarpoka (maispokann) áður en hann er settur í tunnuna.



Ávextir



Grænmeti



Brauð



Hrísgjón o.fl. kornmeti



Kaffikorgur og kaffifilter



Östur og annað álegg



Fiskur



Eggjaskurn



Tepokar



Kjötafgangar



Pasta



Kartöflur



Afskorin blóm




Eldhúspappír



Tannstönglar

Á opnunni eru leiðbeiningar sem má
rífa úr bókinni og hengja upp!



Rífið varlega svo bókin skemmist ekki



Moltugerð

Nú geta íbúar Hornafjarðar flokkað lífrænan heimilisúrgang. Í þéttbýli sveitafélagsins skila íbúar lífrænum heimilisúrgangi í maíspokum í brúnu tunnuna, sem er litla ílátið í gráu tunnunni. ÍGF losar svo tunnurnar og flytur hráefnið til starfsstöðvar ÍGF á Reyðarfirði. Þar fer það í jarðgerð þar sem örverur eru sjá um að brjóta niður úrganginn og úr verður svokölluð molta. Moltan samanstendur af lífrænum efnum og steinefnum. Hún nýtist sem kröftugur áburður fyrir allar plöntur en rannsóknir sýna að moltan er afar áhrifaríkur áburður.

Til að fá góða moltu þarf jarðgerðarferlið að vera rétt. Lífræni úrgangurinn er losaður í jarðgerðarvél og blandaður hrossaskít og timburkurli. Tími sem jarðgerðarferlið tekur er breytilegt en er yfirleitt um sex mánuðir.

Eftir að moltan hefur fengið að þroskast, verið sigtuð og gerð tilbúin til notkunar er af henni mild moldarlykt.

Íbúar í dreifbýli Hornafjarðar geta fengið moltugerðarílát og verið með sína eigin jarðgerð. Leiðbeiningar fyrir heimajarðgerð fylgja moltugerðarílátunum.



Móttöku- og flokkunarstöð

Móttöku- og flokkunarstöð sveitarfélagsins er að Sæbraut á Höfn. Gert er ráð fyrir að íbúar fari þangað með allan stærri og grófari úrgang.

Í móttöku- og flokkunarstöðinni er spilliefnamóttaka og þar er t.d. tekið á móti rafgeymum, rafhlöðum, málningu, olíu og öðrum efnavörum sem eru hættumerktar.


Nytjahlutir sem skilað er á móttökustöð skulu settir í nytjagám sem staðsettur er á móttökustöð. Föt fara í gám á vegum Rauða krossins.

Sjálfsafgreiðsla fyrir endurvinnsluhráefni er staðsett í litlu húsi á móttökustöðinni. Þar geta íbúar skilað endurvinnanlegum úrgangi utan opnunartíma stöðvarinnar.

OPNUNARTÍMAR

Þriðjudagar og fimmtudagar 13:00—18:00

Laugardagar 11:00—15:00



Klippikort

Tekið hefur verið upp klippikortakerfi í sveitarfélaginu. Það var gert til að einfalda íbúum að losna við gjaldskyldan úrgang á móttökustöðinni. Sveitarfélagið afhendir klippikortin í byrjun hvers árs til að greiða fyrir óflokkaðan úrgang. Hverju heimili er heimilt að koma með allt að 4 m³ á ári án þess að greiða fyrir ef um venjulegan heimilisúrgang er að ræða.



Ef klippikort klárast eða týnist er hægt að kaupa nýtt kort í afgreiðslu Ráðhússins.

Ávallt er gjaldfrjálst að koma með flokkað endurvinnsluefni, óháð því í hvaða magni það er.

Eingöngu er hægt að fá aðgang að móttökustöðinni með því að framvísa klippikorti.

Losunardagatal fyrir 2017

október							nóvember							desember						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau	sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau	sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
1	2	3	4	5	6	7				1	2	3	4						1	2
8	9	10	11	12	13	14														
15	16	17	18	19	20	21	5	6	7	8	9	10	11	3	4	5	6	7	8	9
22	23	24	25	26	27	28	12	13	14	15	16	17	18	10	11	12	13	14	15	16
29	30	31					19	20	21	22	23	24	25	17	18	19	20	21	22	23
							26	27	28	29	30			24	25	26	27	28	29	30
														31						

Höfn/ Nesjahverfi

Græn tunna, endurvinnanlegt
Brún tunna, lífrænt
Grá tunna, almennt sorp



Dreifibýli

Græn tunna, endurvinnanlegt
Grá tunna, almennt sorp



Heyrúlluplast

Mikið fellur til af heyrúlluplasti. Þar sem urðun á plasti og brennsla heima á bæjum er með öllu óheimil getur verið erfitt og tímafrekt fyrir bændur að losa sig við plastið. Til að auðvelda bændum að halda umhverfi sínu snyrtilegu býður sveitarfélagið upp á þá þjónustu að sækja rúllubaggaplast heim til bænda þeim að kostnaðarlausu. Að öllu jöfnu er því safnað saman þrisvar á ári.

Plastinu er síðan komið til endurvinnslu og þannig er komið í veg fyrir að það valdi óþarfa mengun.



Til að heyrúlluplast teljist endurvinnsluhæft þarf plastið að vera eins hreint og kostur er og laust við aðskotahluti. Einnig er mikilvægt að blanda ekki öðru plasti saman við rúlluplastið. Baggabönd og net mega ekki fara saman við þar sem þau eru úr öðru og ólíku efni.

Athugið! Net, bönd og önnur plastefni mega ekki blandast heyrúlluplastinu.

Íslenska gámafélagið getur tekið við neti og áburðarpokum í sömu ferð og heyrúlluplastið er sótt. Mikilvægt er þó að halda þessum flokkum aðskildum og vel pökkuðum. T.d. má fylla áburðarpoka með hreinum áburðarpokum og loka fyrir. Net má setja í sér poka þannig að þau blandist ekki heyrúlluplastinu í flutningi.

Endurvinnsla á heyrúlluplasti

Eftir að rúllubaggaplastið hefur verið sótt til bænda, er það flutt til flokkunarstöðvar Íslenska Gámafélagsins. Þar er plastið pressað í bagga og flutt til endurvinnslu. Afurð endurvinnslunnar eru litlar plastkúlur sem nýttar eru sem hráefni til framleiðslu á nýjum plastafurðum.



Endurvinnsla á plasti hefur í för með sér talsverðan umhverfislegan ávinning. Endurvinnslan krefst minni orku en frumvinnsla og kemur í veg fyrir sóun náttúruauðlinda, eins og olíu. Einnig sparast talsvert pláss á urðunarstöðum, en það getur tekið plast um 500 ár að eyðast í náttúrunni. Það er því hagur okkar allra að ganga vel frá plastinu svo hægt sé að nýta

það góða endurvinnsluhráefni sem plastið er.

Frágangur

Til þess að heyrúlluplastið sé hæft til endurvinnslu er mikilvægt að vanda fráganginn vel. Því er mikilvægt að hafa eftirfarandi atriði í huga:

- **Hafa einfalda og þægilega leið til að safna því og geyma.** Þegar tekið er utan af rúllum er gott að hrista allt lauslegt af plastinu.
- **Hafa plastið hreint til að hægt sé að endurvinna það.** Ef óhreinindi loða við vegna bleytu er gott er að þurrka plastið í 1-2 daga og hrista það síðan aftur en þá ætti restin af heyinu og öðrum óhreinindum að losna frá.
- **Geyma heyrúlluplastið á aðgengilegum stað þegar starfsmaður Íslenska Gámafélagsins kemur og sækir það.** Mikilvægt að velja hentugan stað þar sem plastið helst hreint og þurrt.



Umhverfissvið Íslenska Gámafélagsins ehf.